

# Úrskurður

## áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 7/2002

**Plúsferðir ehf.**

**gegn**

**samkeppnisráði**

### I.

Með bréfi, dags. 2. apríl 2002, hafa Plúsferðir ehf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2002](#), dags. 18. mars 2002.

Í hinni kærðu ákvörðun er Plúsferðum ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 300.000 vegna brots á 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995, sbr. 21. gr. samkeppnislaga, þar sem flugvallaskattar voru ekki innifaldir í verði í auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu 10. mars 2002.

Áfrýjandi krefst þess að stjórnvaldssektin verði felld niður.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að ákvörðun ráðsins nr. 11/2002 verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

### II.

Málavextir eru þeir að 28. febrúar 2002 sendi Samkeppnisstofnun bréf til sex fyrirtækja í ferðaþjónustu, þ.á m. áfrýjanda, þar sem rakin eru ákvæði laga og reglna sem gilda um verðupplýsingar í auglýsingum og úrræði stjórnvalda ef brotið er gegn þeim. Þann 10. mars 2002 birtist auglýsing á vegum áfrýjanda í Morgunblaðinu sem að mati Samkeppnisstofnunar virtist brjóta gegn fyrrnefndum ákvæðum þar sem flugvallaskattar voru ekki innifaldir í verði, sbr. bréf stofnunarinnar til áfrýjanda dags. 11. mars 2002.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 18. mars 2002 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Með auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu 10. mars 2002 brutu Plúsferðir ehf. gegn 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í verði.

Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga skulu Plúsferðir ehf. greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 300.000.

Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.”

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs barst 29. apríl 2002 og athugasemdir áfrýjanda 8. maí 2002.

### III.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því að auglýsingar, sem birtust á vegum hans eftir tilmæli Samkeppnisstofnunar dags. 28. febrúar 2002 og 11. mars 2002, hafi verið unnar “saman í pakka” sem heildstæð auglýsingaherferð og sendar til fjölmiðla áður en tilmælin bárust áfrýjanda. Hafi ekki verið unnt að stöðva birtingu þeirra í tæka tíð. Áfrýjandi hafi brugðist við eins fljótt og kostur var og hafi auglýsingar síðan 13. mars 2002 verið í samræmi við lög og reglur.

### IV.

Af hálfu samkeppnisráðs er á því byggt að fyrirtæki verði að kynna sér það lagaumhverfi sem þau starfi í. Auk þess hafi Samkeppnisstofnun á árunum 1996 og 2001 haft afskipti af áfrýjanda, m.a. vegna þess að flugvallaskattar hafi ekki verið innifaldir í verði í auglýsingum á vegum hans. Áfrýjanda hafi því verið fyllilega kunnugt um þau lög og reglur sem gildi um auglýsingar á sviði ferðaþjónustu en haldið áfram að birta ólögmetar auglýsingar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stofnunarinnar.

Meðalhöfssjónarmiða hafi verið gætt. Bréf hafi verið send með áminningu og áfrýjanda verið gefinn átta daga frestur til að laga auglýsingar sínar. Auglýsing áfrýjanda hafi birst tíu dögum eftir að lokaaðvörun Samkeppnisstofnunar hafi verið send honum. Hafi það verið nægur tími til að breyta nokkrum tölulegum upplýsingum í auglýsingum áfrýjanda. Enn fremur beri að hafa í huga að ekki sé skilyrði fyrir

beitingu 51. gr. samkeppnislaga að sýnt hafi verið fram á ásetning hins brotlega fyrirtækis.

Þá hafi jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 verið fullnægt. Öllum fyrirtækjum á umræddum markaði hafi verið sent bréf með lokaaðvörun en fjögur fyrirtæki síðan auglýst verð án flugvallaskatta eftir þann frest sem þeim var gefinn til að laga auglýsingar sínar. Þau fyrirtæki hafi öll verið sektuð. Hafi áfrýjandi ásamt öðru fyrirtæki haft samband við Samkeppnisstofnun eftir að stofnunin hafi tilkynnt þeim að fjallað yrði um málið hjá samkeppnisráði og tjáð stofnuninni að framvegis yrðu auglýsingar fyrirtækjanna í samræmi við lög og reglur. Tekið hafi verið tillit til þessa við ákvarðanir sektarfjárhæða og þær ákveðnar 100.000 kr. lægri en sekt hinna fyrirtækjanna tveggja.

## V.

Í hinni kærðu ákvörðun er áfrýjandi talinn hafa brotið gegn 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu 10. mars 2002 þar sem flugvallaskattar voru ekki innifaldir í auglýstu verði. Aðrar auglýsingar áfrýjanda sem birtust síðar koma því ekki til álita í máli þessu.

Ekki er deilt um í máli þessu að áfrýjandi hafi gerst brotlegur gegn umræddum ákvæðum með birtingu auglýsingarinnar 10. mars 2002.

Áfrýjandi ber því fyrir sig að ekki hafi verið unnt að stöðva birtingu auglýsinga á vegum hans eftir að tilmæli Samkeppnisstofnunar bárust. Þau tilmæli sem hér skipta máli er erindi stofnunarinnar til sex ferðaskrifstofa, þ.á m. áfrýjanda, þann 28. febrúar 2002. Þar eru ákvæði laga og reglna um verðupplýsingar í ferðaauglýsingum ítarlega rakin og sérstaklega tekið fram að flugvallaskattar skuli ávallt vera innifaldir í auglýstu verði. Enn fremur er tekið fram að viðurlög við brotum á 20. og 21. gr. samkeppnislaga hafi verið hert til muna, sbr. 51. gr. laganna um heimild samkeppnisráðs til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki í ákveðnum tilvikum. Kemur fram í lok umrædds erindis að verði ekki farið að lögum og reglum í auglýsingum sem birtist eftir 8. mars 2002 muni samkeppnisyfírvöld grípa til viðeigandi aðgerða.

Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið verður að telja að áfrýjanda hafi verið kunnugt um þau lög og reglur sem giltu um verðupplýsingar í auglýsingum. Var honum ásamt fimm öðrum ferðaskrifstofum gert viðvart um að stjórnvöld hyggðust grípa til viðeigandi ráðstafana gerðust þær brotlegar við þessi ákvæði, sbr. ofangreint erindi Samkeppnisstofnunar. Var fyrirtækjunum veittur átta daga frestur til að leiðrétta auglýsingar sínar og birtist auglýsing áfrýjanda 10 dögum síðar, eða 10. mars 2002 eins og áður segir. Verður að telja að hann hafi haft nægan tíma til að koma að leiðréttingum á auglýsingum sínum og eru því mótbárur hans um hið gagnstæða ekki teknar til greina.

Áfrýjandi hefur ekki mótmælt fjárhæð álagðrar stjórnsýslusektar sérstaklega en hafa ber í huga að við sektarákvörðun var tekið tillit til samstarfsvilja hans.

Í ljósi framangreinds ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2002, dags. 18. mars 2002, er staðfest.

Reykjavík, 10. maí 2002

Páll Sigurðsson, formaður

Erla S. Árnadóttir

Anna Kristín Traustadóttir